Alþingi
Erindi nr. Þ 141/650
komudagur 20.11.2012

Sigríður Gísladóttir, dýralæknir
Alstahaug gård
8804 Sandnessjøen
Noregur

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandnessjøen, 19. nóvember 2012

Efni: Þingmál 283 - umsögn um frumvarp til laga um dýravelferð

Vísað er til umsagnarbeiðni Atvinnuveganefndar um ofangreint frumvarp.
Áður en ég tek fram hvaða athugasemdir ég geri við einstaka liði í frumvarpinu langar mig að vekja athygli á markmiðum laganna:

„Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“

Það þarf að skína í gegnum hvern bókstaf í lögunum að markmiðin séu höfð að leiðarljósi. Því miður virðast þau hafa gleymst víða og aðrir hagsmunir en dýranna látnir ráða.

Eftirfarandi athugasemdir hef ég fram að færa:

II kafli Yfirstjórn

5. gr.
Ég tel hlutverk og málefni fagráðs um velferð dýra þess eðlis að brýnt sé að starfsmaður ráðsins sé með góða fagþekkingu og legg til að sett verði í lagatextann að sú fagþekking verði **að lágmarki** dýralæknismenntun. Í þessu skyni er sértakalega vísað til þess hluta starfsins er varðar afgreiðslu umsókna um dýratilraunir.

Legg ég til að síðasta mgr. 5. gr. verði svohljóðandi:
„Fagráðið skal hafa aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuaðstöðu og starfsmann **sem er dýralæknir** með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins.”

III Kafli Almenn ákvæði um meðferð dýra.

7. gr.
Mikilvægt er að ábyrgð sveitarfélaga á villtum og heimilislausum dýrum sé skilgreind og nauðsyn þess að sveitarfélög hafi að stöðu til að geyma heimilislaus dýr ásamt nauðsyn þess að tryggt sé að greiðslur séu tryggðar fyrir neyðarhjálp við dýr.

V. Kafli Meðferð og meðhöndlun dýra

15. gr. varðandi fjarlægingu tiltekinna líkamsparta

Tekið hefur verið út úr 2. mgr. að aðeins sé heimilt að fjarlægja horn, spora eða gelda dýr „sé það talið nauðsynlegt með tilliti til dýravelferðar eða af öðrum sérstökum ástæðum sem tilgreindar eru í reglugerð.“

Það á ekki að nota skurðaðgerðir til að breyta hegðun dýra, nema ríkar ástæður liggi fyrir. Slíkar aðgerðir eru í öllum tilfellum sársaukafullar og þeim fylgir ýmis hætta á aukaverkunum. Þegar um

hunda er að ræða sem gelda á vegna hegðunarvandamála eru sjaldnast ótvíræðar sannanir fyrir því að ástæða óæskilegrar hegðunar sé kynhvötin. Gelding kemur ekki í stað góðs uppeldis.
Þær sérstöku ástæður sem geta legið fyrir og réttlætt geldingu eru t.d. ef auka þarf lífsgæði karlhunds sem er notaður í sérstökum tilgangi (leitarhundar, hjálparhundar, sleðahundar) eða ef hundurinn sýnir öðrum karlhundum mikla grimmd. Það eru einnig vísbendingar um að ófrjósemisaðgerðir á tíkum minnki líkur á júguræxlum og legbólgum, en þær eru ekki ótvíræðar. Í dag eru til dýralæknisfræðilegar aðferðir sem geta hjálpað dýralæknum og hundaeigendum að útiloka kynhvötina sem ástæðu óæskilegrar hegðunar. Þær aðferðir (lyfjagelding) fela í sér mun minni áhættu fyrir hundinn en skurðaðgerð.

Geldingar á búfénaði eiga einnig að takmarkast, af sömu ástæðu og geldingar á hundum. Áhættan og óþægindin sem skapast fyrir dýrið eftir geldingu, eru jafnvel enn meiri þegar um kálfa, lömb, kiðlinga og grísi er að ræða, því aðstaða til skurðaðgerða og eftirlit með sjúklingum eftir aðgerð er í öllum tilfellum verri þegar um slík dýr er að ræða. Geldingar án skurðaðgerðar eru ekki síður sársaukafullar og er komið nánar inn á það í næstu athugasemd.

Um geldingu og ófrjósemisaðgerðir á köttum gilda aftur á móti rík dýravelferðarsjónarmið, slíkar aðgerðir koma í veg fyrir særð dýr eftir slagsmál og ofjölgun katta sem er vandamál víða.

15. gr. *Aðgerðir og meðhöndlun*

Í 3. mgr. er gefinn afsláttur á dýravelferð til hagsmuna fyrir svínabændur með því að heimila geldingu grísa án deyfingar og verkjastilling látin nægja. Hér er eitt dæmi um að markmið laganna virðast gleymd og hagsmunir dýraeigenda látnir ráða.

Ákvæði um að verkjastilling ein og sér sé nægjanleg virðist vera til þess fallið að slá ryki í augu almennings um að nóg sé að gefa verkjalyf eftir skurðaðgerð. Verkjastilling er notuð eftir aðgerðir til að slá á verki sem eru samfara bólgum og því eru þessi lyf oft með tvíhliða verkanir, þ.e. bæði bólgueyðandi og verkjastillandi.
Gelding er óumdeilt sársaukafull aðgerð, engin rök eru fyrir að leyfa geldingu ungra grísa án deyfingar, og engar rannsóknir hafa sýnt fram á að ungir grísir finni minni sársauka en eldri dýr.
Víða í Evrópu er búið að banna slíkar geldingar, enda þjóna þær þeim einum tilgangi að draga úr galtarbragði í svínakjöti.

Lögin eiga að hvetja til að fundnar séu aðferðir sem þjóni tilgangi laganna (að bæta og auka dýravelferð) og lögin eiga ekki að virka sem stuðningur við úreldar ódýrar aðferðir sem eru þvert á markmið laganna. Aðferðir eins og lyfjagelding, skynmat í sláturhúsi með sérstakri tækni og vilji frá kjötframleiðendum og sláturhúsum eru fýsilegri en þessi óþarfa þjáning.

Nýverið ákváðu þrjár stórar kjötvinnslur og sláturhús í Þýskalandi (stærsta svínakjötsmarkaði Evrópu) að taka við skrokkum af ógeltum svínum án lækkunar í greiðslu. Slíkar aðgerðir hvetja svínabændur til að draga úr geldingum og bætir dýravelferð. Talið er að einungis 3 - 6% galtaskrokka hafi þetta sérstaka galtarbragð.

Að sama skapi má nefna að undanþágan um eyrnamarkanir þjóni engum nema röngum hagsmunaaðilum. Skylt er að einstaklingsmerkja allan búfénað (og öll tamin dýr, skv. frumvarpinu) og má vísa til þess hvernig þróunin í átt að örmerkingu hrossa hefur verið. Fá hross eru mörkuð í dag, enda hafa tæknilegar framfarir gert það óþarft.
Lagt er til að þriðja málsgrein verði svohljóðandi:

„Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun.“

d) liður myndi þá hljóða svo: „klipping á skotti og gelding grísa yngri en vikugamalla”.

20.gr. Aflífun

Í 2. mgr. er veitt heimild til drekkinga á minkum. Þetta tel ég stríða algjörlega gegn markmiðum og anda laganna.
Minkar hafa mikla köfunareiginleika líkt og selir sem missa ekki meðvitund eins og önnur spendýr við drukknun heldur halda þeir fullri meðvitund allt til dauða sem getur tekið langan tíma, allt að rúmri klukkustund. Að beita slíkum aðferðum til aflífunar á villtu dýri er tákn um siðrof. Minkar eru hvergi í lögum skilgreindir sem meindýr og störf meindýraeyða (sem krefjast starfsleyfis) taka ekki til minkaútrýmingar. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að minkurinn veldur ekki þeim skaða á lífríki sem almenningsálitið gefur til kynna.
Ef það er ætlun og vilji Alþingis að skilgreina minkinn sem meindýr og hvetja til útrýmingar tegundarinnar úr íslenskri náttúru, ber okkur siðferðisleg skylda til að beita mannúðlegri aðferðum en þeirri sem minnst er á í 20. grein laganna.

*VII. KAFLI **Villt dýr.***

27. grein um meindýr hljóði svo: „Við eyðingu meindýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim óþarfa limlestingum eða kvölum. Tryggja skal að útrýmingarefni **og veiðiaðferðir** valdi ekki tjóni á öðrum dýrum en meindýrum.“ Hér er gerð athugasemd vegna notkunar á fótbogum og öðrum gildrum sem geta valdið öðrum dýrum sársauka. Önnur dýr geta fest sig og slasað á þeim tækjum sem notuð eru til að fanga og/eða drepa meindýr.

X Kafli Stjórnvaldsfyrirmæli og viðurlög

33. gr.: Tekin hefur verið út úr tillögum frumvarpsnefndarinnar heimild eftirlitsaðila til að fara með aðstoð lögreglu inn í húsnæði eða á staði þar sem um leyfisskylda starfsemi er að ræða, í þeim tilfellum þar sem ítrekað hefur verið reynt að framkvæma eftirlit án árangurs eða þar sem umráðamaður neitar eftirlitsaðila um aðgang.
Ég tel slíka heimild nauðsynlega til að auka skilvirkni lögbundins eftirlits og aðgerða. Það yrði þunglamalegt ef eftirlitsskyldir aðilar neita eða færast ítrekað undan skoðun og sækja þyrfti um dómsúrskurð í hvert sinn til að sinna lögbundnu eftirliti.

XI Kafli Gildistaka o.fl.

42. gr. 2.tl. b sem fjallar um breytingu á 2. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.
Ég legg til að tekið verði út „..aukinni arðsemi búfjár”. Þetta ákvæði tel ég í andstöðu við markmið um bætta dýravelferð, þar sem aukinn arðsemi búfjár er oftar en ekki á kostnað velferðar dýra.

Í **viðauka um dýrahald**, tölulið 1.5 standi: „Fuglar **20** eða fleiri.“ Tel ég nauðsynlegt að hafa þessa tölu lægri en 50 til að hægt sé að fá yfirsýn og betra eftirlit með skrautfuglarækt og áhugahænsnarækt. Velferðarvandamál geta svo sannarlega komið upp þegar búið er með færri en 50 fugla.

Virðingarfyllst,

Sigríður Gísladóttir

Sigríður Gísladóttir
dýralæknir